



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is

Seyðisfirði 29.apríl. 2016

Alþingi
bt.Umhverfis-og samgöngunefndar Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Efni: Útskrift úr fundargerð 2358. Fundar bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar 27.04.2016.

Eftirfarandi fært til bókar:

Miðvikudaginn 27.04.16 kom bæjarráð Seyðisfjarðar saman til fundar á skrifstofu bæjarins að Hafnargötu 44. Fundurinn hófst kl. 17:00

Mætt: Margrét Guðjónsdóttir, Þórunn Hrund Óladóttir og Vilhjálmur Jónsson sem ritaði fundargerð. Fundagerð færð í tölvu.

Dagskrá

2.3 Alþingi 20.04.2016. Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018, 638 mál.

Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir 70 milljónum króna til Fjarðarheiðarganga árin 2017 og 2018 til viðbótar framlagi þessa árs. Auk þess kemur fram að gert er ráð fyrir 100 milljónum króna til öryggisaðgerða á Seyðisfjarðarvegi um Fjarðarheiði. „*Bæjarráð Seyðisfjarðar fagnar því að gert er ráð fyrir að ljúka rannsóknnum vegna Fjarðarheiðarganga og að hefja undirbúning framkvæmda samkvæmt áætluninni. Bæjarráð leggur áherslu á að framkvæmdir við Fjarðarheiðargöng hefjist samhliða framkvæmdum við Dýrafjarðargöng sé þess nokkur kostur. Jafnframt fagnar bæjarráð áformum áætlunarinnar um vegbætur í öryggisskyni á Seyðisfjarðarvegi um Fjarðarheiði og hvetur til samþykktar umrædds hluta tillögunnar.*

Ofangreind niðurstaða bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst

Inga Þorvaldsdóttir.